

Eftirlitsáætlun Landsnets hf. um jafnræði viðskiptavina

Febrúar 2019

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Tilskipun 2003/54/EB	3
III. Reglugerð um eftirlitsáætlun	4
IV. Hvar eru reglurnar og hverjar eru helstar	4
1. Lög og reglugerðir	4
2. Netmálar	5
3. Samþykktir	5
4. Starfsreglur stjórnar Landsnets.....	5
5. Siðareglur.....	5
6. Verklagsreglur	6
7. Annað.....	6
V. Eftirlitsáætlun.....	6
1. Þættir er varða sjálfstæði félagsins.....	6
1.1. Sjálfstætt félag	6
1.2. Aðkoma hluthafa	6
1.3. Sjálfstæði stjórnar	6
1.4. Starfsmenn	7
2. Þættir er varða starfsemi Landsnets hf.	7
2.1. Verklag til að koma í veg fyrir mismunun.....	7
2.2. Upplýsingagjöf	7
2.3. Trúnaður	7
3. Framkvæmd	7
3.1. Yfirlýsingar starfsmanna og verktaka	7
3.2. Fræðsla	8
3.3. Ábendingar og kvartanir.....	8
3.4. Ábyrgðaraðili og eftirfylgni.....	8
3.5. Hlítni	8
3.6. Skýrsla.....	8
3.7. Samþykkt og endurskoðun.....	8

Eftirlitsáætlun Landsnets hf. um jafnræði viðskiptavina

I. Inngangur

Landsneti hf. er með lögum nr. 75/2004, um stofnun Landsnets hf., falið að annast flutning raforku og kerfisstjórn samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Sem flutningsfyrirtæki og kerfisstjóri er hlutverk Landsnets að annast uppbyggingu, rekstur og stjórnun flutningskerfis raforku. Hlutverki flutningsfyrirtækis og kerfisstjóra fylgja ýmsar heimildir og skyldur sem byggja á ákvæðum raforkulaga og reglugerða settum á grundvelli þeirra.

Viðskiptavinir Landsnets eru dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku. Frumforsenda samkeppni á raforkumarkaði er aðgangur að flutnings- og dreifikerfum byggður á jafnræði, gegnsæi og sanngjarnri verðlagningu. Því er þess í lögum krafist að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Þá er Landsneti óheimilt að stunda aðra starfsemi en félaginu er sérstaklega heimilað að lögum. Loks er gerð krafa um að stjórnarmenn séu óháðir vinnslu- og sölufyrirtækjum en Landsnet er í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða sem öll eiga hagsmuna að gæta í vinnslu, sölu og dreifingu raforku.

Í raforkulögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra er á ýmsum stöðum kveðið á um skyldu Landsnets til að gæta jafnræðis í starfrækslu sinni og trúnaðar um tilteknar upplýsingar. Með reglugerð nr. 350/2016, um eftirlitsáætlun um jafnræði viðskiptavina flutningsfyrirtækis raforku, var Landsneti gert að koma á sérstakri eftirlitsáætlun um jafnræði viðskiptavina fyrirtækisins. Reglugerðin byggir á ákvæðum tilskipunar Evrópubingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB.

II. Tilskipun 2003/54/EB

Í e- og f-lið 9. gr. tilskipunar 2003/54/EB er kveðið á um að hlutverk flutningskerfisstjóra sé að tryggja að kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, sé ekki mismunað, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við þá og að veita kerfisnotendum upplýsingar, sem þeir þurfa, til að fá fullnægjandi aðgang að kerfinu. Í d-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar er svo gerð krafa um að flutningskerfisstjóri komi á eftirlitsáætlun (compliance programme), þar sem settar eru fram ráðstafanir sem ætlað er að útiloka mismunun og tryggja að fylgst sé með viðunandi hætti með því að henni sé fylgt. Í áætluninni skulu settar fram sérstakar skyldur starfsmanna auk þess sem fela þarf aðila að bera ábyrgð á að fylgst sé með eftirlitsáætluninni og eftirlitsyfirvaldinu send ársskýrsla, þar sem settar eru fram ráðstafanirnar sem gripið er til. Ársskýrsluna ber að birta.

Í skjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fyrirkomulag uppskiptingar er m.a. fjallað um eftirlitsáætlunina.¹ Þar kemur fram að tilgangur hennar sé að skapa formlegan ramma til að tryggja að fyrirtæki í heild sinni, sem og einstaka starfsmenn og stjórnendur, fylgi reglum um jafnræði. Í skjalinu er nánar fjallað um efni, eftirfylgni og skýrslugjöf. Eftirlitsáætlunum er ætlað að innihalda reglur um framkomu, sem starfsmönnum ber að fylgja, til að koma í veg fyrir mismunun. Þetta á sérstaklega við um trúnaðarskyldu, framkomu í garð viðskiptavina, aðgang að upplýsingum, búnað og húsnæði flutningsfyrirtækis. Þá er talið mikilvægt að eftirlitsáætluninni sé fylgt eftir og athygli á

¹ The Unbundling Regime, Note of DG Energy & Transport on Directives 2003/54 and 2003/55 on the internal market in electricity and natural gas, 16.1.2004.

henni vakin með virkum hætti. Á þetta við um stuðning stjórnenda við áætlunina, skriflegar yfirlýsingar starfsmanna, upplýsingar um að gripið verði til viðeigandi úrræða vegna brota og að til staðar sé þjálfun og kynning fyrir nýja starfsmenn. Fylgjast þarf með virkni áætlunarinnar með gegnsæjum hætti sem gefi starfsmönnum til kynna að framkoma þeirra sé undir stöðugu eftirliti og að sá aðili sem falið er eftirlitið skuli tilheyra yfirstjórn félagsins. Þá er gert ráð fyrir að eftirlitsstjórnvald gefi út leiðbeiningar um innihald skýrslna um eftirlitsáætlunina.

III. Reglugerð um eftirlitsáætlun

Í reglugerð nr. 350/2016 um eftirlitsáætlun um jafnræði viðskiptavina flutningsfyrirtækis raforku eru ítrekuð ákvæði raforkulaga um skyldu Landsnets til að gæta jafnræðis og trúnaðar um upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Auk þess er flutningsfyrirtækinu gert að setja sér eftirlitsáætlun sem lýsir því hvernig fyrirtækið fylgir því eftir að jafnræðis sé gætt í starfsemi. Hvað varðar efni slíkrar áætlunar þá er kveðið á um að skilgreina skuli þær reglur sem starfsmönnum ber að fylgja til að tryggja að gætt sé jafnræðis og trúnaðar um þær upplýsingar sem leynt eiga að fara. Einnig er kveðið á um að Landsnet skuli meðhöndla upplýsingar þannig að einstökum vinnslu- og sölufyrirtækjum verði ekki veitt forskot umfram önnur og að skilgreint skuli hvaða gögn teljist trúnaðargögn og hvernig skuli meðhöndla þær upplýsingar.

Reglugerðin hefur ennfremur að geyma ákvæði sem lúta að ábyrgð, framkvæmd, þjálfun og eftirfylgni við eftirlitsáætlunina. Þannig ber að fela einum aðila ábyrgð á áætluninni og að framfylgja henni innan fyrirtækisins. Þá ber ábyrgðaraðila að skila árlegri skýrslu til Orkustofnunar þar sem m.a. koma fram upplýsingar um framkvæmd áætlunarinnar, upplýsingagjöf til viðskiptavina og meðferð kvartana. Auk þessa er kveðið á um að yfirstjórn flutningsfyrirtækisins skuli styðja við eftirlitsáætlunina og að hún skuli kynnt í nýliðapjálfun og endurmenntun starfsmanna.

IV. Hvar eru reglurnar og hverjar eru helstar

1. Lög og reglugerðir

Til að tryggja sjálfstæði Landsnets sem flutningsfyrirtækis og kerfisstjóra er í 5. mgr. 8. gr. raforkulaga kveðið á um að stjórn flutningsfyrirtækisins skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Frumfarsenda samkeppni á raforkumarkaði er eins og áður segir jafn aðgangur að flutningskerfi raforku byggður á gegnsæi og sanngjarnri verðlagningu. Þá er í 8. mgr. 9. gr. kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Samhljóða ákvæði er að finna í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, 3. gr. reglugerðar nr. 513/2003 um kerfisþjónustu og 1. gr. reglugerðar nr. 350/2016 um eftirlitsáætlun um jafnræði viðskiptavina flutningsfyrirtækis raforku. Loks er í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 m.a. kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli við setningu gjaldskrár gæta jafnræðis og byggja á hlutlægum og gegnsæjum sjónarmiðum.

Flutningsfyrirtækið þarf á ýmsum upplýsingum frá aðilum á raforkumarkaði að halda í starfsemi sinni. Til að tryggja aðgang að þessum upplýsingum er í 7. mgr. 9. gr. raforkulaga kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt. Samhljóða ákvæði er að finna í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 513/2003.

Samhljóða ákvæðum um aðgangsheimild flutningsfyrirtækis og kerfisstjóra að upplýsingum er kveðið á um að gæta skuli trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, sbr. 8. mgr. 9. gr. raforkulaga, 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 513/2003. Þá er í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 513/2003 kveðið á um að flutningsfyrirtækinu og kerfisstjóra beri að setja sér verklagsreglur um stjórnun upplýsingaöryggis og að starfsmönnum skuli gert að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu.

Mikilvægt er að veittar séu góðar og ítarlegar upplýsingar um viðskipti með raforku. Almennar opinberar upplýsingar um raforkumarkaðinn stuðla að jafnræði í viðskiptum og virkni markaðarins. Meðal annars til að stuðla að þessu er í 5. mgr. 9. gr. kveðið á um að flutningsfyrirtækinu sé skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku. Samhljóða ákvæði er að finna í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 og 4. gr. reglugerðar nr. 513/2003.

Um Landsnet gilda einnig ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 sem og ákvæði laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál. Þetta felur í sér að afgreiðsla Landsnets hf. á beiðni um aðgang að upplýsingum er kæránleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

2. Netmálar

Netmáli er samansafn skilmála Landsnets sem varða flutning rafmagns, hönnun flutningskerfisins, rekstur og önnur atriði viðskiptalegs eðlis. Netmálar eru grundvallarvinnureglur Landsnets í öllum viðskiptatengdum málefnum. Allar breytingar á netmálum eru gerðar í samráði við viðskiptavini í gegnum viðskiptamannaráð, þar sem viðskiptavinir fá tækifæri til að koma að sínum athugasemdum og brugðist er við öllum athugasemdum. Athugasemdir vegna breytinga á netmálum og viðbrögð við þeim eru birt opinberlega.

3. Samþykktir

Í samþykktum Landsnets hf. er kveðið á um að stjórn félagsins skuli vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Einng er kveðið á um að stjórn skuli kappkosta að gætt sé í hvívetna jafnræðis við starfrækslu félagsins og fyllsta trúnaðar sé gætt um alla meðferð upplýsinga sem varða viðskiptahagsmuni o.s.frv. Þá eru ákvæði laga um sjálfstæði stjórnar nánar útfærð í samþykktunum en samkvæmt samþykktunum mega stjórnarmenn ekki vera fjárhagslega háðir einstökum eigendum í þeim skilningi að afkoma þeirra má ekki í neinu verulegu ráðast af fjárhagslegri afkomu viðkomandi eigenda eða greiðslum frá honum í einni eða annarri mynd. Lok er stjórn félagsins skylt að setja sér starfsreglur, sem staðfesta ber á hluthafafundi. Stjórnarmenn skulu hverju sinni staðfesta með undirritun að þeir muni hlíta starfsreglunum.

4. Starfsreglur stjórnar Landsnets

Í 17. gr. starfsreglna stjórnar fjallað um sjálfstæði stjórnar. Þar segir að í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og raforkulögum nr. 65/2003 skuli stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og söluvyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Þá segir að sökum hinnar sérstöku stöðu félagsins skv. III. kafla raforkulaga og ríkra skyldna til þess að gæta hlutleysis og jafnræðis sé áréttað að eigendum sé óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets. Afskipti eigenda skuli að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

5. Siðareglur

Stjórn Landsnets hefur samþykkt siðareglur um félagið. Yfirmenn allra sviða hjá fyrirtækinu bera ábyrgð á því reglurnar séu kynntar öllum starfsmönnum. Tilgangur þeirra er m.a. að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins. Í 3. kafla er fjallað um trúnaðarupplýsingar en það teljast allar upplýsingar sem ekki eru þekktar almenningi. Trúnaðarupplýsingar geta falist í tæknilegum upplýsingum, fjárhagslegum upplýsingum, listum yfir viðskiptamenn, verðlistum, áætlunum fyrirtækisins, kostnaðarupplýsingum eða öðrum gögnum um fjárhagsleg málefni. Öllum starfsmönnum fyrirtækisins ber að vernda trúnaðarupplýsingar sem þeir

verða áskynja í starfi sínu og koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar eða aðrir aðilar sem gætu nýtt slíkar upplýsingar komist yfir þær. Þá er starfsmönnum óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar í eigin ágóðaskyni auk þess sem þeim er óheimilt að taka við trúnaðarupplýsingum frá samkeppnisaðlum eða reyna að komast yfir trúnaðarupplýsingar frá þeim aðila með þeim hætti sem siðareglurnar banna.

6. Verklagsreglur

Landsnet hf. styðst við alþjóðlega stjórnunarstaðla í starfseminni. Samþætt og vottað stjórnunarkerfi Landsnets hf. nær yfir stjórnun á gæða-, umhverfis- og rafmagnsöryggismálum og öryggi vinnuumhverfis. Samofin stjórnun þessara málaflokka skilar sér í betra samræmi vinnuferla og skilvirkari stjórnun fyrirtækisins. Fyrirtækið er ISO vottað samkvæmt gæðastjórnunarkerfinu ISO 9001, umhverfisstjórnunarkerfinu ISO 14001 og öryggisstjórnunarkerfinu 18001. Vottunin tryggir að unnið er eftir verkferlum sem ná til allra þátta í starfsemi félagsins þar sem stöðugar umbætur og eftirfylgni eiga sér stað í öllum framkvæmdum, resktri og hjá verktökum. Gæðastefna, umhverfisstefna og öryggisstefna eru gefnar út í gæðahandbók fyrirtækisins þar sem lagt er áherslu á að markmið fyrirtækisins er að þjóna hagsmunum íslenskt samfélags, vinnur markvisst að stýringu á umhverfispáttum og að draga úr áhrifum af starfseminni ásamt því sett er markmið að engin slys verði í starfseminni.

7. Annað

Allir starfsmenn og verktakar undirrita trúnaðaryfirlýsingu við gerð ráðningar- eða verksamninga. Í yfirlýsingu kemur fram að þeim sem undirrita sé kunnugt um lögboðna trúnaðarskyldu og að brot á trúnaðar- og þagnarskyldu samkvæmt yfirlýsingunni geti varðað uppsögn og/eða fyrirvaralausri riftun ráðningar- eða verksamnings. Þá geti háttarlag verið metið svo að það varði eftir atvikum refsíabyrgð og/eða skaðabótaskyldu.

V. Eftirlitsáætlun

1. Þættir er varða sjálfstæði félagsins

1.1. Sjálfstætt félag

Landsnet hf. er sjálfstætt félag sem sinnir eingöngu þeim verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Landsnet hf. er með eigin starfsstöð, merki, símsvörun og annað það sem hverju fyrirtæki er nauðsynlegt í starfsemi sinni. Félagið kaupir í starfsemi sinni ekki þjónustu af hluthöfum sínum eða öðrum aðilum á raforkumarkaði, nema slíkt sé heimilað í lögum eða reglugerðum og þá á grundvelli gegnsæis- og jafnræðissjónarmiða.

1.2. Aðkoma hluthafa

Vegna sérstakrar stöðu félagsins er hluthöfum óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets hf. Afskipti hluthafa skulu að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

1.3. Sjálfstæði stjórnar

Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Stjórn Landsnets hf. kappkostar að gætt sé í hvívetna jafnræðis við starfrækslu félagsins og fyllsta trúnaðar sé gætt um alla meðferð upplýsinga sem varða viðskiptahagsmuni o.s.frv. Stjórnarmenn mega ekki vera fjárhagslega háðir einstökum eigendum í þeim skilningi að afkoma þeirra má ekki í neinu verulegu ráðast af fjárhagslegri afkomu viðkomandi eigenda eða greiðslum frá honum í einni eða annarri mynd. Stjórn félagsins er skylt að setja sér starfsreglur sem staðfesta ber á hluthafafundi. Stjórnarmenn hverju sinni staðfesta með undirritun sinni að þeir muni hlíta starfsreglum.

1.4. Starfsmenn

Framkvæmdastjórn og starfsmenn eru ráðnir starfsmenn félagsins og eru ekki háðir einstökum eigendum félagsins í störfum sínum.

2. Þættir er varða starfsemi Landsnets hf.

2.1. Verklag til að koma í veg fyrir mismunun

Verklag Landsnets hf. við afgreiðslu mála byggir á raforkulögum, reglugerðum, netmálum, gjaldskrá og verklagsreglum, þar sem grunnhugsunin er jöfn meðferð allra viðskiptavina.

- 2.1.1. Gjaldskrá og reiknivélar eru opinberar og aðgengilegar á heimasíðu Landsnets hf.
- 2.1.2. Netmálar eru opinberir og aðgengilegir á heimasíðu Landsnets hf.
- 2.1.3. Gruntengisamningar eru að upplagi sambærilegir og aðgengilegir öllum.
- 2.1.4. Skipulagt verklag er notað í skerðingum byggt á jafnræðissjónarmiðum og ákvæðum netmála. Vísað er þó í hlutverk samkvæmt raforkulögum þegar ástand kerfisins krefst þess að frekari skerðingar séu nauðsynlegar.
- 2.1.5. Í samningagerð við aðra aðila á raforkumarkaði er markaðslausnum beitt eftir því sem kostur er til að tryggja jafnræði aðila.

2.2. Upplýsingagjöf

- 2.2.1. Upplýsingar er varða virkni flutningskerfis og raforkumarkaða skulu gerðar aðgengilegar öllum viðskiptavinum á heimasíðu Landsnets eða með öðrum hætti sem tryggir jafnan aðgang allra viðskiptavina.
- 2.2.2. Upplýsingabeiðnir eru afgreiddar ef beiðni kemur fram á eyðublaði sem Landsnet hf. leggur til.
- 2.2.3. Upplýsingar um rof og viðhaldsvinnu eru aðgengilegar öllum viðskiptavinum í gegnum þar til gerða síðu. Sama sjónarhorn er fyrir alla.

2.3. Trúnaður

- 2.3.1. Gætt er trúnaðar um allar upplýsingar varðandi starfsemi viðskiptavina sem varða viðskiptahagsmuni eða aðrar upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Slíkar upplýsingar eru ekki afhentar nema á grundvelli samþykkis viðskiptavinar eða að fengnum úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Brot gegn þessu felur í sér brot á trúnaðaryfirlýsingu. Fara skal gætilega með skjöl sem tilheyra einstökum viðskiptavinum, auk þess sem ekki má ræða trúnaðarmálefni hans opinberlega. Þá þurfa starfsmenn að fara gætilega í tölvupóstsamskiptum og athuga vel netföng áður en póstur er sendur með trúnaðarskjölum.
- 2.3.2. Sérstakt svæði er í skjalavistunarkerfi Landsnets, þar sem aðgangi er stýrt. Samningar eru geymdir í sérstakri geymslu með takmörkuðum aðgangi.
- 2.3.3. Gæta skal trúnaðar um kostnaðarupplýsingar tengdar fyrirhuguðum framkvæmdum Landsnets hf. á meðan félagið hefur útboðshagsmuni af slíku. Sama á við um tímaramma verkefna og valkosti í staðsetningum.
- 2.3.4. Gæta skal trúnaðar um tækniupplýsingar er varða öryggi flutningskerfisins.
- 2.3.5. Meðhöndlun persónuupplýsinga og persónugreinanlegra upplýsinga fer eftir lögum um persónuvernd og persónuverndarstefnu Landsnets.

3. Framkvæmd

3.1. Yfirlýsingar starfsmanna og verktaka

Við gerð ráðningar- og verksamninga undirrita starfsmenn og verktakar yfirlýsingu um trúnaðar- og jafnræðisskyldur. Í yfirlýsingunni koma fram mögulegar afleiðingar brota á skyldunum fyrir félagið, viðkomandi starfsmann og/eða verktaka.

3.2. Fræðsla

Ábyrgðaraðila ber í samráði við mannauð að tryggja á að nýir starfsmenn fái kynningu á eftirlitsáætluninni og þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar varðandi jafnræði og trúnað í samræmi við verklagsreglu. Þá skal reglulega farið yfir efni áætlunarinnar með starfsmönnum.

3.3. Ábendingar og kvartanir

Ábendingar og kvartanir um að jafnræðis hafi ekki verið gætt eða trúnaður brotinn eru skráðar í ábendingagrunn og meðhöndlaðar í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi. Framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs skal upplýstur um ábendingu eða kvörtun. Ábendingar og kvartanir skulu lagðar fram á eyðublaði sem Landsnet hf. leggur til.

3.4. Ábyrgðaraðili og eftirfylgni

Framkvæmdarstjóra stjórnunar sviðs er ábyrgðaraðili með eftirlitsáætluninni og annast framkvæmd, eftirfylgni og vöktun með áætluninni. Honum ber að upplýsa framkvæmdastjóra viðkomandi sviða um atvik er upp kunna að koma er tengjast áætluninni. Þá sér hann um árlega skýrslugerð um fylgni við áætlunina.

3.5. Hlítningi

Innri úttektir eru framkvæmdar að minnsta kosti einu sinni á ári hjá Landsneti hf og fylgt er ISO 9001 gæðastjórnunarstaðli í þeirri vinnu. Þar greinir að skipulagsheildin skulu framkvæma innri úttektir með fyrirfram ákveðnu millibili, innleiða úttektaráætlun, skilgreina úttektarviðmið, velja úttektarmenn, tryggja skýrslugjöf um niðurstöður úttekta til stjórnenda, grípa til viðeigandi leiðréttinga og varðveita skjalfestar upplýsingar um úttektaráætlun og niðurstöður úttekta. Innri úttekt á framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar eru samofnar þeirri úttekt og fylgir þeirri verklagsreglum sem hafa settar fram hjá Landsneti hf. í tengslum við innri úttektir.

3.6. Skýrsla

Skýrsla um fylgni við eftirlitsáætlun skal árlega lögð fyrir forstjóra Landsnets hf. Skýrslan skal gerð opinber á fyrsta ársfjórðungi hvers árs en opinber birting telst hafa átt sér stað með birtingu skýrslunnar á heimasíðu Landsnets hf. Skýrslan skal send Orkustofnun, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 350/2016.

Skýrslan skal m.a. innihalda:

- upplýsingar um niðurstöður innri úttektar,
- upplýsingar um ábendingar/kvartanir og afgreiðslu þeirra,
- upplýsingar um fræðslu til starfsmanna, sbr. 6. lið,
- upplýsingar um upplýsingabeirni og afgreiðslu þeirra.

3.7. Samþykkt og endurskoðun

Áætlunin er samþykkt af forstjóra Landsnets hf. Áætlunina bera að endurskoða árlega og við allar breytingar á þeim ákvæðum laga og reglugerða sem varða áætlunina. Ábyrgðaraðili leggur fram tillögur um breytingar á eftirlitsáætlun. Ábyrgðaraðili skal tryggja að yfirstjórn og starfsmenn fyrirtækisins séu án tafar upplýstir um allar breytingar á áætluninni.

28. febrúar 2019.



Guðmundur I. Ásmundsson

